

**Gróðurfar á fyrirhuguðum  
línuleiðum frá Villinganesvirkjun**

**Guðmundur Guðjónsson**

Unnið fyrir Héraðsvötn ehf.

NÍ-01016      Reykjavík, september 2001



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

## **EFNISYFIRLIT**

**EFNISYFIRLIT** 2

**1 INNGANGUR** 3

**2 GRÓÐURFAR** 3

**2.1 Þurrlendi** 4

Mosagróður 4

Lyngmói 4

Fjalldrapamói 4

Þursaskeggsmói 4

Graslendi 4

**2.2 Votlendi** 4

Deiglendi 4

Mýrlendi 5

Flói 5

**3 NIÐURSTAÐA** 5

### **Töflur og kort**

1. tafla Gróðurfar á línuleiðum yfir hálsinn við Flötutungu 3

Kort: Villinganesvirkjun. Gróðurkort af línuleiðum við Flötutungu 6

## 1 INNGANGUR

Síðla vetrar 2001 fór Samúel Ásgeirsson hjá Rafmagnsveitum ríkisins, fyrir hönd Héraðsvatna ehf., fram á það við Náttúrufræðistofnun Íslands að gerður yrði grófur samanburður á gróðurfari á tveimur hugsanlegum línuleiðum frá Villinganesvirkjun yfir Kjálka, sem er hálsinn við bæinn Flötutungu. Beiðnin kom í tengslum við umhverfismatsvinnu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Þótt á þeim tíma væru engin gögn til um gróðurfari á hálsinum önnur en nýtt myndkort í lit frá Loftmyndum ehf. var orðið við þeirri beiðni. Grófur samanburður var gerður eftir loftmyndum og niðurstaðan send í bréfi dagsettu 11. maí 2001. Þar var tekið skýrt fram að nauðsynlegt væri að ganga línuleiðirnar og kortleggja þær þegar snjóá leysti og gróður væri farinn að taka vel við sér. Í kjölfar þeirra tilmæla gengu starfsmenn Náttúrufræðistofnunar, Guðmundur Guðjónsson og Sóley Jónasdóttir, eftir fyrirhuguðum línuleiðum og kortlögðu gróðurinn mánuði síðar, þ.e. 11. júní 2001.

Gróðurinn var kortlagður á hefðbundinn hátt eftir flokkunarlykli Steindórs Steindórssonar sem byggir á ríkjandi tegundum háplantna. Vettvangsvinnan var unnin á myndkort frá Ísgraf ehf., sem gert var eftir loftmynd Loftmynda ehf. sem tekin var úr 3 km hæð 21. ágúst árið 2000. Meðfylgjandi gróðurkort er teiknað ofan á myndkortið í mælikvarða 1:10.000. Það sýnir fyrirhugaðar raflínuleiðir og mörk gróðurfélaga á um 200 m belti við línustæðin. Stafræna teikningu og frágang kortsins annaðist Regína Hreinsdóttir.

## 2 GRÓÐURFAR

Til að meta gróðurfari á línuleiðunum voru mæld þau gróðurfélög sem fyrirhugaðar raflínur munu liggja um. Samandregnar niðurstöður af þeirri mælingu eru sýndar í 1. töflu.

### 1. tafla Gróðurfari á línuleiðum yfir hálsinn við Flötutungu.

Gróðurlendi	Línuleið 1		Línuleið 2	
	metrar	%	metrar	%
Mosagróður	493	16	854	25
Lyngmói	60	2	60	2
Fjalldrapamói	520	17	81	2
Þursaskeggsmói	57	2	24	1
Graslendi	1.239	40	1.827	53
Deiglendi	-	-	56	2
Mýrlendi	439	14	425	12
Flói	25	1	-	-
Melur	260	8	107	3
Samtals	3.093	100	3.433	100

Í töflunni sést að leiðirnar eru álíka langar þ.e. liðlega þrjú kílómetrar. Línuleið 2 þ.e. neðri og vestari leiðin er þó örlítið lengri en leið 1 sem liggur hærra og austar. Segja má að í heildina séu leiðirnar álíka mikið grónar. Á línuleið 1 er meira af lít- eða ógrónu landi en á leið 2. Á móti kemur að á línuleið 2 er meira um gróður með skerta gróðurþekju. Áætluð raflína á línuleið 1 mun fara yfir meira samfellt gróin gróður-

félög en línuleið 2. Frekari gróðurfarslegur samanburður á línuleiðunum er hér gerður á þeim gróðurlendum sem koma fyrir.

## 2.1 Þurrlandi

Þurrlandi er 85% af línuleið 1 og 86% af línuleið 2. Því er skipt upp í 5 gróðurlendi þ.e. mosagróður, lyngmóa, fjalldrapamóa, þursaskeggsmóa og graslandi.

### Mosagróður

Mosagróður er að finna á um fjórðungi af línuleið 2 en hann er nokkuð minni á leið 1. Það kemur vel heim og saman við það að gróðurþekja á leið 2 er gisnari en á leið 1. Gróðurfélögin sem koma fyrir á línuleiðunum eru: *Mosi með stinnastör og smárunnum* (A3), *mosi með smárunnum* (A4) og *mosi með þursaskeggi og smárunnum* (A7). Gróðurfélagið *mosi með stinnastör og smárunnum* (A3) er algróið á línuleið 1, en það kemur ekki fyrir á leið 2. *Mosi með þursaskeggi og smárunnum* (A7) er aftur á móti einungis á línuleið 2. Sá mosagróður sem er algengastur á báðum línuleiðunum er *mosi með smárunnum* (A4), en gróðurþekja þess gróðurfélags er gisin á báðum línuleiðum.

### Lyngmói

Lyngmói er lítill á báðum línuleiðunum, eða innan við 2%. Það gróðurfélag sem kemur fyrir á báðum leiðum er *holtasóley – krækilyng - víðir* (B6). Það kemur fyrir á grýttum, blásnum melkollum þar sem gróðurþekjan er 25%.

### Fjalldrapamói

Fjalldrapamóa er að finna á 17% af línuleið 1, en ekki nema 2% af línuleið 2. Þarna er algengasta gróðurfélag fjalldrapamóans, *fjalldrapi - bláberjalyng - krækilyng* (C1). Fjalldrapamóiinn er algróinn á línuleið 1, en með skerta gróðurþekju á línuleið 2.

### Þursaskeggsmói

Þursaskeggsmói finnst á báðum línuleiðunum en hefur litla útbreiðslu. Hann er innan við 2% af línuleið 1 og enn minni hluti af línuleið 2. Þarna er um er að ræða gróðurfélagið *þursaskegg - smárunna* (E2) á grýttu landi.

### Graslandi

Graslandi er langútbreiddasta gróðurlendið á línuleiðunum og gróðurþekja þess er nokkuð samfelld. Á línuleið 1 er graslandi 53%, en 40% á línuleið 2. Gróðurfélögin eru *grös* (H1) og *graslandi með smárunnum* (H3), og hefur hið síðarnefnda meiri útbreiðslu.

## 2.2 Votlendi

Votlendi er 15% af línuleið 1 og 14% af línuleið 2. Það skiptist í deiglendi, mýrlendi og flóa.

### Deiglendi

Deiglendi eða hálfdeigju er aðeins að finna á 56 m kafla á línuleið 2. Þar er um að ræða gróðurfélagið *grös - starir* (T5).

## **Mýrlendi**

Stærstur hluti votlendisins á línuleiðunum flokkast undir mýrlendi. Mýri er 14% á línuleið 1 og 12% á línuleið 2. Það gróðurfélag mýrarinnar sem er algengast á báðum leiðum er *mýrastör/stinnastör - víðir* (U2) þar sem mýrastör og grávíðir eru ríkjandi. *Mýrastör/stinnastör - klófífa* (U4) og *mýrastör/stinnastör - mýrelfting* (U13) koma einnig fyrir. Á línuleið eitt er svo að finna gróðurfélagið *mýrastör/stinnastör - hengistör* (U1) sem er algengara til fjalla en á láglandi.

## **Flói**

Flóa er aðeins að finna á einum litlum bletti nyrst á línuleið 1. Þar er um að ræða *klófífu* (V3) sem er í blönduðu gróðurfélagi með *mýrastör/stinnastör - mýrelfting* (U13).

## **3 NIÐURSTAÐA**

Eins og fram kemur hér að framan er gróðurfar á línuleiðunum tveimur mjög sambærilegt. Engin gróðurfélög koma fyrir sem eru sjaldgæf á þessum slóðum og út frá gróðurfélögum einum saman er ekki hægt að gera upp á milli þessara tveggja línuleiða. Meira er þó um samfelld gróið land þ.e. algróið land á línuleið 1. Þar er 60% af því landi sem línán kemur til með að fara yfir algróið, en á línuleið 2 er algróið land nokkru minna eða 42%.

Á báðum línuleiðunum ætti að vera hægt að staðsetja mannvirki, möstur og slóða, þannig að votlendi eða öðrum samfelldum gróðurlendum verði ekki spillt. Út frá gróðurfari gæti verið æskilegra að línuleið 2 verði valin vegna þess að þar er meira um skerta gróðurþekju. Þar er einnig að hluta til gamall slóði til staðar sem nýta mætti við línulagninguna, en að mati framkvæmdaraðila þarf þó að byggja hann upp til að svo geti orðið. Tekið skal skýrt fram að hér er eingöngu miðað við gróðurfar og ekki tekið tillit til annarra náttúrufarslegra eða sjónrænna þátta.